

# Fundargerð

## Samráðsfundur Umhverfisstofnunar og Hafrannsóknarstofnunar vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda

Fundurinn var haldinn á Teams, 5. mars 2024 kl. 11:00-11:45

**Þátttakendur á fundinum voru:** Guðni Guðbergsson sviðsstjóri ferskvatns- og eldissviðs hjá Hafrannsóknarstofnun, Edda Kristín Eiríksdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

### Tilgangur með fundi

Fulltrúar Umhverfisstofnunar í samstarfshópi um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda óskuðu eftir fundinum með Guðna. Tilgangur með fundinum var að fræðast af fagaðila um hvort rannsóknir eða mat hafi verið gert í Dynjandisá m.t.t. fiskigengdar og stangveiða.

### Fundargerð

Eftir að fulltrúar Umhverfisstofnunar höfðu reifað ástæðu þess að óskað var eftir fundi með Guðna, upplýsti hann um að sé veiðistofn sem er í ánni sé líklegast sjóbleikja og vissulega sé hægt að veiða eitthvað en það sé mjög takmarkað og standi ekki undir því að veiðileyfi séu seld. Hann benti á að veiðiréttarhafa, sem eru Ríkiseignir, beri að gera nýtingaráætlun m.t.t. sjálfbærnisjónarmiða sbr. lög um lax- og silungsveiði. Einnig gæti komið til greina að Ríkiseignir framselji umsjón með ánni til Umhverfisstofnunar, sem ætti þá að fara í þá vinnu að leggja fram nýtingaráætlun út frá fyrirliggjandi gögnum um fiskigengd. Til þess að hægt sé að vinna nýtingaráætlun, þarf fiskistofninn að vera þekktur. Aðspurður um hvað gerist ef slysasleppingar í fiskeldi verði, líkt og í tilfelli því sem upp kom í Patreksfirði haustið 2023, segir Guðni að um slíkt gildi lög um fiskeldi svo að nýtingaráætlun í Dynjandisá sem hljóðar upp á vernd gegn veiðum myndi ekki koma í veg fyrir að eldisfiskur væri fangaður í ánni, ef upp kemur viðlíka tilfelli og það sem vísað var til.

Guðni mun kanna hjá sinni stofnun hvort einhver gagnleg gögn eru til um vöktun, seiðamælingar eða þ.u.l. í Dynjandisá og senda fullrúum Umhverfisstofnunar ef svo er.

### Næstu skref.

- Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu fara yfir fyrirliggjandi gögn og funda séstaklega með Framkvæmdasýslunni Ríkiseignum um málið.